

Ed.

528. Nefndarátt

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Sjerstakar ástæður hafa valdið því, að frv. þetta er komið fram í þeirri mynd, sem það nú hefir. Telur nefndin, að ekki sje þörf á að skýra tildrög

að því nákvæmlega, þar sem málið hefir verið rækilega athugað og rætt í hv. neðri deild og full grein gerð fyrir ástæðum í nefndarál. hv. landbúnaðar-nefndar þeirrar deildar, á þingskj. 365.

Þó nefndin sje ekki blynt einkasölu yfirleitt, telur hún, að í þessu tilfelli geti það rjettlætst að taka til einkasöluheimildar, ef það gæti orðið til þess, að Búnaðarfjelag Íslands næði aftur einkasöluumboði því á Noregssaltþjetri, sem það hafði, en hefir fyrir einhver óheppileg atvik tapað, eins og sjá má af áðurnefndu nefndaráliti á þingskj. 365.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Heimild þessi fellur niður jafnskjótt sem Búnaðarfjlagi Íslands gefst kostur á að fá í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltþjetri, eða öðrum jafngóðum kalksaltþjetursáburði.

Alþingi, 6. maí 1926.

Eggert Pálsson,
form.

Ágúst Helgason,
fundaskr. og frsm.

Gunnar Ólafsson,
með fyrirvara.